

Alþingi - Nefndasvið

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 17. apríl 2018
1804005 JFK

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, þskj. 551, 394. mál.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frv. til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisstofa fagnar því að þetta mál skuli vera komið til meðferðar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um 5. gr.-Jafnréttisstofa

Í þessari grein kemur fram að Jafnréttisstofa annist framkvæmd laga þessara og vísað til 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í þeirri grein má finna hlutverk Jafnréttisstofu og meðal annars heimild stofunnar til þess að beita dagsektum. Þar sem um er að ræða íþyngjandi ákvörðun stjórnvalds telur Jafnréttisstofa nauðsynlegt að það þá heimild verði einnig sérstaklega tiltekin í lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Þá kemur fram í kaflanum „Mat á áhrifum“ að „innan útgjaldaramma Jafnréttisstofu hefur verið gert ráð fyrir kostnaði sem leiði af lögfestingu frumvarpsins.“ Jafnréttisstofa vill af þessu tilefni áréttá að stofunni er ætlað afar víðtækt viðbótar hlutverk og tryggja þarf að tekið hafi verið tillit til allra þeirra þátta í útgjaldaramma stofunnar.

Um 6. gr.- Kæruheimild

Greinin fjallar um kæruheimild til kærunefndar jafnréttismála. Jafnréttisstofa vekur athygli á því að í dag eru þrjú fulltrúar í nefndinni og skv. 5. gr. laga nr. 10/2008 skulu þeir vera löglærðir og að minnsta kosti einn hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Jafnréttisstofa bendir á að nauðsynlegt er að tryggja að víðtækari sérþekkingu innan nefndarinnar þar sem þekking á mannréttindum og stöðu minnihlutahópa verði tryggð. Þá er einnig viðbúið að álag á kærunefnd jafnréttismála muni aukast verði frumvarp þetta að lögum. Tryggja þarf að nefndin verði í stakk búinn til þess að takast á við aukinn málafjölda.



Jafnréttisstofa

Um 7. gr. –Almennt

Í greininni er tiltekið að atvinnurekendur, stéttarfélög og samtök þeirra skuli vinna markvisst að jafnri meðferð á vinnumarkaði í samræmi við markmið laga þessara. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 10/2008 er fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi stofunnar. Þá vaknar sú spurning hvort að heimildir Jafnréttisstofu, sbr. 4. gr. laga nr. 10/2008 nái til 7. gr. þessa frumvarps. Jafnréttisstofa telur að hér þurfi að skerpa betur á heimildum stofunnar og samræma orðalag.

Jafnréttisstofa vill að lokum áréttá að stofan fagnar þessu frumvarpi og telur það bæði tímabært og nauðsynlegt að það verði að lögum.



Jón Fannar Kolbeinsson

Lögfræðingur Jafnréttisstofu